



SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is



Eldsmiðurinn Róbert Daníel Kristjánsson

— sjá bls. 6 – 7.

„Skeggið ver mann fyrir hitanum en það verður ansi heitt þegar maður er að smíða við kannski 1.400 gráðu hita. Svo hefur skeggið nú sviðnað aðeins er neistar lenda á því. Þá er nú betra að skeggið grípi neistana heldur að þeir lendi á beru holdi.“



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 19. nóvember 2015 · 46. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Kristín Þorsteinsdóttir
heimsmeistari í sundi



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

Reynt að ná Jóni Hákonni af hafsbotni



Jón Hákon BA.

Rannsóknarnefnd samgönguslysja upplýsti innanríkisráðuneytið um að hún telji nauðsynlegt að ná Jóni Hákonu BA af hafsbotni til að ljúka rannsókn á tildrögum þess að báturinn sökk við Aðalvík í júlí. Einn maður fórst í sjóslýsinu. Ekki er fyllilega ljóst á þessari stundu hvað verkið muni kosta en það ræðst af ýms-

um þáttum svo sem aðstæðum á slysstað. Ráðuneytið hefur komið því á framfæri við nefndina að það muni styðja við verkefnið sé þörf á því. Stefnt er að því að hefja aðgerðir á næstu vikum eða strax og aðstæður leyfa.

Björgunarbátar á Jóni Hákonni blésu ekki upp þegar báturinn sökk eins og þeir eiga að gera

og mörgum, ef ekki flestum spurningum um sjóslýsið er ósvarað. Mikill þrýstingur hefur verið á rannsóknarnefndina að ná bátunum af hafsbotni og hafa hagsmunasamtök sjómanna, þingmenn og sjómennirnir sem komust lífs af úr sýsinu beitt sér fyrir því að slýsið verði rannsakað til hlítar.



ÍSAFJARÐARBÆR
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI
ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008–2020

Íbúðarsvæði á Suðureyrarmölum

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 5. nóvember 2015 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 samkvæmt 2.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í möguleika á uppbyggingu á minniháttar verslunar- og þjónustustarfsemi á íbúðarsvæði á Suðureyrarmölum. Greinargerð gildandi aðalskipulags breytist en skipulagsuppráttur helst óbreyttur.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar



Kristinn H. Gunnarsson

— Sjónarmið —

Íslamska ríkið og lokabaráttan

Sprengjuárásirnar í París staðfestu ákveðna eðlisbreytingu í baráttu hryðjuverkasamtakanna sem standa að íslamska ríkinu. Samtökin sýna aukinn styrk sinn með því að geta gert árásir langt utan sinna landamæra en aðgerðirnar eru líka staðfesting á því að þau eiga í vök að verjast á heimavígstöðvum, einkum vegna hernaðaraðgerða erlendra ríkja.

Íslamska ríkið frá 2006

Íslamska ríkið er sannarlega orðið ríki, sem ræður yfir stórum landssvæðum, aðallega í Írak og á Sýrlandi þar sem búa a.m.k. 10 milljónir manna. Enska skammstöfunum er ISIS og stendur fyrir Islamic State of Iraq and Syria. Reyndar er átt við stærra landssvæði en núverandi Sýrland, sem nær til gömlu Palestínu (með núverandi Líbanon og Ísrael).

ISIS ræður yfir landssvæðum í Írak, Sýrlandi, Líbú, Nígeríu og Afganistan. Þá eru virkir vopnaðir hópar sem styðja ISIS í Norður Afríku og Suður Asíu. ISIS hafa verið skilgreind sem hryðjuverkasamtök af Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu, Bandaríkjunum

og ýmsum öðrum ríkjum. Um 60 ríki eru í stríðsátökum beint eða óbeint við ISIS.

ISIS eru herská vopnuð samtök Sunni Araba frá Írak og Sýrlandi, sem aðhyllast Wahhabi eða salafi kenningu Islam. Samtökin urðu til í Írak árið 1999 og tóku þátt í gagnárás ýmissa hópa araba á heri þjóða hinna viljugu eftir innrásina í Írak árið 2003. ISIS samtökin studdu Al kaida og lýstu ásamt öðrum andspyrnuhreyfingum yfir stofnun íslamsks ríkis í Írak í október 2006, Islamic State of Iraq, ISI. Borgarstyrjöldin í Sýrlandi hófst 2011 og ISI sendi bardagamenn þangað sem réðust bæði á uppreisnarmenn og stjórnarherinn. Tveimur árum seinna, í apríl 2013 útvíkkuðu samtökin ríki sitt frá Írak yfir til Sýrlands líka og ISIS varð til. Á síðasta ári gengu ISIS enn lengra og lýstu yfir stofnun kalifatdæmis. Með því er þess krafist að múslimar um heim allan lúti kalifatdæmi þeirra og beygi sig undir trúarleg, pólitísk og hernaðarleg yfirráð ISIS.

Trú og markmið

Markmið ISIS eru skilyrðislaus yfirráð yfir öllum múslimum. Þýski blaðamaðurinn Jürgen

Todenhofur dvaldi í Mosul meðal ISIS um tíma og segist hafa orðið þess áskynja að markmið samtakanna væri heimsyfírráð og sérstaklega fannst honum sláandi rótgróin andúð ISIS á lýðræði sem birtist honum í þeirri trúarsetningu að öllum trúarbrögðum sem samrýmdust lýðræði yrði að útrýma. ISIS fylgir ströngum túlkunum á Islam líkt og Wahhabi í Saudi Arabíu og litið er á þá sem ekki aðhyllast þeirra túlkunum sem trúfíðinga. Saudar og áhrif þeirra eru mjög áberandi innan ISIS. Þetta hefur meðal annars gert það að verkum að ISIS er í andstöðu við hryðjuverkasamtökin Hamas vegna ólíkra túlkana á islam.

Eitt að því sem helst einkennir ISIS er trú liðmanna þeirra á óumflýjanlegt uppgjör á heimsvísu milli góðs og ills þar sem ISIS muni sigra heri Rómar (kristninnar) og hinir illu fá makalegan dóm í hinum æðsta dómi guðs. Í þessu felst að þeir sem fórna lífi sínu í þágu hins góða málstaðar fái að launum eilífa vist í himnaríki. Trúarlegur ágreiningur leiddi til þess að ISIS sagði skilið við Al Kaida, þar sem síðarnefndu samtökin taka ekki undir heimsendaspána og láta

nægja að berjast gegn spillingu og einræði. ISIS kemur fram af mikilli grimmd við svonefnda trúvillinga, sem eru allir þeir sem ekki aðhyllast þeirra eigin öfgakenndu túlkun á islam. Þeir drepa miskunnarlaust andstæðinga sína og hneppa fólk, einkum konur, í þrældóm.

Afsprengi vestrænna mistaka

Óöld hefur ríkt í mörgum ríkjum íslamskrar trúar um áratugaskeið. Afganistan hefur verið suðupottur síðan 1980 þegar Sovétríkin réðust þangað inn með mikinn her og síðar Bandaríkjamenn árið 2001. Í Mið austurlöndum varð innrásin í Írak árið 2003 kveikjan að upplausninni sem ríkt hefur á þessu svæði síðan. Fyrirverandi utanríkisráðherra Brets, David Milliband hefur viðurkennt í blaðaviðtali að innrásin í Írak hafi skapað ISIS. Hvert hryðjuverkið á fætur öðru hefur ríðið yfir sem rekja má til afleiðingar innrásarinnar. Nefna má þau síðustu: sprengingarnar í Beirút daginn fyrir Parísarmorðin og rússneska flugvélin sem sprengd var í loft upp yfir Sinaiskaga í Egyptalandi. Herir ISIS hafa náð gríðarlegu magni af vopnum í Írak af stjórnarhernum. Leyni-

þjónusta Bandaríkjanna telur að ISIS hafi fengið um 20.000 bardagamenn frá erlendum ríkjum, flestir koma frá Túnis og Saudi Arabíu, en mjög margir frá ýmsum Evrópuríkjum.

Tvíbent Vesturlönd og heimavandi

Bent er á að ISIS afli mikilla tekna með því að selja olíu einkum til Tyrklands og leiðin til ISIS hefur verið að mestu opin í gegnum Tyrkland. Vesturveldin hafa aðeins lagt áherslu á að halda ISIS í skefjum með loftárásum en ekki lagt í landhernað. Helstu bandamenn Bandaríkjanna á svæðinu eru Saudi Arabía og Tyrkland. Tekist hefur að þvinga Tyrki til þess loka landamærunum betur og loftárásirnar ásamt afskiptum Rússa hefur þrengt að ISIS á heimavígstöðvum. Það skýrir líklega hryðjuverkin í París. ISIS er ríki í stríði bæði við múslima og kristnu Vesturlöndin. Heimavandi Vesturlandanna liggur í misheppnuðum innrásum sem byggðust á úreltri heimsmynd, röngum bandamönnum og of sterkum ítökum þeirra sem hagnast á stríðsrekstri.



Kjúlli með silkimjúkri fyllingu

Fylltu kjúklingabringur með ferskum kryddjurtum og rjómaosti og toppaðu matinn með fylltri papriku. Bragðlaukarnir verða ekki sviknir af þessari hollustu.

Hollustan hefst á **gottimatinn.is**





Útgefandi: Athafnagæði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Bladmáður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum
fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Í nafni trúarinnar

Okkur er brugðið, venjulegt fólk er myrt í tugatali, af börnum! Það versta er að þetta er ekki einsdæmi, það er að segja að fólk sé myrt í tugatali en oftast gerist það bara í „Langtíbertistan“ og okkur finnst það eiginlega ekki koma okkur mikið við. Það eru heldur ekki nýjar fréttir að börn og ungmenni séu notuð í hernaði, svo hræðilegt sem það nú hljómar. Að þessu sinni, eins og svo oft áður, eru ódæðisverkin unnin í nafni trúar og um trú er erfitt að eiga vitrænar umræður.

Í nafni kristinnar trúar var Palestína hertekin með velþóknun samviskubittinna þjóða eftir helför gegn gyðingum og palestínskir Jónar og Gunnur láta lífið í þúsundum talið. Talibanar myrða og kúga í nafni sinnar trúar og draga ekki af sér og Aya-tollah Khomeini dró sína írönsku þjóð aftur til miðalda með grimmd og morðum, allt í nafni Allah. Hinn norski Breivik taldi ekki eftir sér að skjóta á annað hundrað unglunga í nafni trúar og Ku Klux Klan varðveitir kristin gildi. Bara í gær var borinn út bæklingur í öll hús á litlu Flateyri þar sem réttindabarátta kvenna er skilgreind sem „siðferðileg hnignun“. Öll trúarbrögð eru misnotuð í þágu ofbeldis og kúgunar, öll.

Í París var fólk á flóttu undan byssumönnum, líka Íslendingar eins og Gísli Pétur Hinriksson lýsti svo vel í grein á vefsíðu Nú-tímans. Meðan á ofbeldisverkunum stóð og borgin var í upp-námi var hann hræddur, innilokaður og hafði áhyggjur af því að komast ekki heim. Komast ekki á flugvöllinn og vera fastur í blóðbaði og hörmungum, bara rétt eins og hinn almenni flóttamaður hefur það, fastur í stríðshrjádum aðstæðum sem hann hefur enga stjórn á. Verður Gísli þá að hættulegum flóttamanni eða heldur hann áfram að vera friðelskandi Íslendingur? Hvað með smíði og bakara Sýrlands, þegar þeir pakka saman börnum sínum og leggja á flóttu?

Ótti og heimska er systkini, þau eru börn ofbeldismanna sem fæðir þau með aðstoð trúarbragða. Trúin sjálf er þeim algjörlega óskyld.

BS

Spurning vikunnar

Leggur þú þig fram um að versla í heimabyggð?

Alls svöruðu 333.

Já, sögðu 254 eða 76%

Nei, sögðu 79 eða 24%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Nýtt deiliskipulag á Nauteyri

Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur samþykkt lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir hluta jarðarinnar Nauteyri á Langadalsströnd sem tilheyrir Strandabyggð. Skipulagssvæðið er rúm 200 hektarar að stærð og markmið deiliskipulagsins er að skapa rými fyrir eflingu núverandi fiskeldis í landi Nauteyrar. Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. rekur seiðaeldisstöð á Nauteyri. Fyrir rúmu ári keypti HG jörðina af Strandabyggð. Innan marka skipulagsins eru auk eldisstöðvarinnar borholur fyrir heitt vatn svo og dælur



Seiðaeldisstöðin á Nauteyri.

og brunnhús fyrir kalt vatn við Hafnardsá sem nýtt er til fiskeldisins. Að auki eru sumarhús og safnið Steinshús innan skipulags-svæðisins. Frestur til að gera athugasemdir við deiliskipulagið er til 18. desember.

FJARÐANET

Atvinna

Fjarðanet óskar að ráða starfsmann í Gúmmibátapjónustu á Ísafirði. Í gúmmibátapjónustu Fjarðanets fara fram skoðanir og viðhald á gúmmibjörgunarbátum og öðrum björgunabúnaði. Segldúkasami og útleigu á samkomutjöldum ofl.

Starfið felur í sér skoðun á björgunarbúnaði, lagfæringum á slöngubátum, segldúkasam og önnur fjölbreytt sala og þjónusta til viðskiptavina fyrirtækisins.

Við leitum sjálfstæðum, jákvæðum, og þjónustuliprum einstaklingi sem á gott með mannleg samskipti. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða almenna tölvukunnáttu ásamt góðri enskukunnáttu.

Upplýsingar gefur Snorri Sigurhjártarson í síma 4 700 830 og 856 0832, eða í tölvupósti snorri@fjardanet.is og Þorsteinn Þráinsson í síma 470 0836 og 856 0836 eða í tölvupósti steini@fjardanet.is

sápa

www.sapa.is

○ Allar bestu hárvörurnar á einum stað

○ Hringdu og fáðu faglega ráðgjöf


○ Pantaðu í netverslun okkar og fáðu sent heim

○ Úrval af fallegum jólagjöfum

// Laugavegi 61

// 101 Reykjavík

// s. 511-1141



Menntaskólinn á Ísafirði

www.misa.is

Innritun stendur yfir fyrir nám á vorönn 2016
Umsóknarfrestur er til 1. desember í gegnum www.menntagatt.is

Nám í dagskóla

- Fjölmargar bóklegar greinar eru í boði
- Húsasmíðabraut, hægt er að bæta við nemendum með starfsreynslu
- 25 ára og eldri eru velkomnir í dagskóla ef laust pláss er í áföngum

Fjarnám

Mí býður upp á fjarnám í fjölmörgum áföngum og er auk þess í samstarfi við Fjarmenntaskólann. Frekari upplýsingar um fjarnám má finna á heimasíðu skólans, www.misa.is/fjarnam og þar er einnig hægt að skrá sig.

Nám með starfi (kennt er í lotum)

Fyrirhugað er að hefja nám á matartæknibraut á vorönn 2016

Haut 2016 – Nám með starfi (kennt er í lotum)

Fyrirhugað er að hefja nám á

- skipstjórnarbraut A (skip styttri en 24 metrar)
- félagsliðabraut

Upplýsingar um námið veitir Heiðrún Tryggvadóttir, starfandi aðstoðarskólameistari, í síma 450 4400, netfang heidrun@misa.is





Eldsmiður í Dýrafirði

Dýrfirðingurinn Róbert Daníel Kristjánsson

Liðakeppni 2015 í Finnlandi.

Dýrfirðingurinn Róbert Daníel Kristjánsson heillaðist af eldsmíði í kringum síðustu aldamót. Þá var áhuginn að kvikna á ný hjá Íslendingum eftir að iðnin hafði að mestu legið í dvala um langan tíma, eða frá því að iðnbyltingin velti þessu mikilvæga starfi úr sessi. Róbert Daníel segir áhugann sífellt aukast en eldsmiðir landsins koma reglulega saman þar sem eldsmiðjur eru til staðar, víðs vegar um landið. Fyrir Dýrfirðing einn og hann fellur eldsmíðin eins og flís við rass við þann mikla víkingaáhuga sem

ríkir á þeim slóðum. Bláðamaður Bæjarins besta vildi forvitnast um þessa nær gleymdu iðn sem á meira skylt við listform í dag en lífsnauðslega færni og hitti Róbert Daníel yfir kaffibolla á dögnum.

Eldsmíðiáhuginn kviknaði hjá Róbert Daníel í gegnum starf hans í gömlu vélsmiðjunni á Þingeyri sem hefur mikið minjagildi enda stofnsett 1913. Smiðjan er upprunaleg og í starfhæfu ástandi og hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðafólk sem m.a. finnst stórmerkilegt að sjá

eldsmíði að störfum.

„Ég byrjaði starfsævina í fiski eins og svo margir aðrir á Þingeyri en fór síðar út í bílasmíði, það er að segja að smíða leikfangabíla. Síðan var ég nokkur ár í byggingavinnu en langaði að breyta til. Ég hafði því samband við Matthías Guðmundsson, sem sá þá um gömlu vélsmiðjuna á Þingeyri, og spurði hvort hann hefði ekki eitthvað fyrir mig að gera. Nei, hann hafði ekkert fyrir mig. Því fór að ég prófaði að vera atvinnulaus í tvær vikur, sem var langt því frá að vera skemmtilegt. En sem betur fer hringdi Matti þá og bauð mér vinnu og síðan hef ég verið þar.

Ég byrjaði að vinna í almennum viðgerðum. Þá voru gerðir svokallaðir þvargarar í eldsmiðjunni og þannig kynntist ég eldsmíðinni.

Um aldamótin fór ég svo á námskeið á Ísafirði en var þá byrjaður að fíkta mig aðeins áfram við að smíða víkingadót. Þegar námskeiðinu var lokið fór ég að fíkta enn meira en maður lærir eldsmíði mest af sjálfum sér sem og mistökunum. Þetta er bara æfing og þjálfun. Enda ekki mikið annað í boði fyrir mig þar sem ekki var auðsótt að sækja þau

fáu námskeið sem haldin voru fyrir sunnan. Þetta var nefnilega bara rétt að byrja á þessum tíma,“ útskýrir Róbert Daníel.

Hópur eldsmíða tók sig saman og hittist reglulega á Akranesi.

„Við komum saman síðustu helgina í maí. Misjafnt er hve vel er mætt en við erum allt frá níu til svona 40. Fyrsta árið vorum við sex talsins, sextán árið eftir og árið þar á eftir mættu 36. Svo þetta stækkaði voðalega hratt eins og sést glögglega á því að fjöldinn tvöfaldaðist ár frá ári. Og hópurinn fer stækkandi. Oft koma aðilar langt að eða frá hinum Norðurlöndunum. Þar er mikill áhugi og er að aukast. Svo hittumst við einnig reglulega á Laugabakka og Gásam.“

Íslendingar sterkir keppnismenn

„Fljótt kom upp sú hugmynd að halda mót í eldsmíði hér á landi. Til að kynnst því betur var ákveðið að senda keppendur héðan á Norðurlandamót. Frá Íslandi fóru því tveir keppendur, einn dómari og svo ég sem fylgihlutur. Mótið var haldið í Noregi fyrir fjórum árum og íslensku keppendurnir náðu öðru og þriðja sæti. Sem við vorum


að vonum mjög ánægðir með. Fyrir tveimur árum var Norðurlandamótið haldið á Akranesi. Í sumari fórum við og kepptum á Norðurlandamótinu í Finnlandi og þar náðum við 1., 2. og 4. sæti. Sem sagt varð Íslendingurinn Beate Stormo frá Kristnesi í Eyjafirði Norðurlandameistari í meistaraflokki, Einar Gunnar Sigurðsson keppti einnig í flokki sveina og lenti í fjórða sæti og í flokki ungliða keppti Ingvar Matthíasson sem lenti í öðru sæti. Við gengum því afar sáttrir frá þessu móti.“

Allir keppendur frá Íslandi eru áhugamenn þar sem ekki er hægt að verða meistari hér á landi.

„Þetta telst ekki sem iðngrein lengur. Fyrst er áhuginn á eldsmíði var að kvikna á ný voru



Verið að smíða dyrahamar á Íslandsmóti. Myndina tók Anna Leif Elíðóttir.





Eldsmíðað grindverk.

Þrír eldsmíðir enn á lífi sem höfðu réttindin. Ég held að þeir séu allir farnir til næsta tilverustigs núna. Það bráðvantar að koma þessu inn í skólana á ný. Í Svíþjóð er hægt að læra til meistara í listaskóla og fá styrk til þess að læra þetta. Sama held ég að sé uppi á teningnum í Finnlandi. Þar er það einnig kennt í listaskóla en ekki iðnskóla. Hérlandis er þetta bara ekki kennt lengur. Reynt var að endurvekja slíkt nám í

legu skeggi og er blaðamaður hefur orð á því að hann sé mjög vígalegur segir hann hárvöxtinn þjóna sér vel í eldsmíðinni.

„Skeggið ver mann fyrir hitanum en það verður ansi heitt þegar maður er að smíða við kannski 1.400 gráðu hita. Svo hefur skeggið nú sviðnað aðeins er neistar lenda á því. Þá er nú betra að skeggið grípi neistana heldur að þeir lendi á beru holdi. Maður hefur þó oft brennt sig er maður

karlmenn. Það skiptir engu máli með kyn. Enda er Norðurlandameistarinn kona að þessu sinni, hún Beata sem ég minntist á áðan, sem einnig er ríkjandi Íslandsmeistari. Og Norðurlandameistarinn þar á undan var einnig kona. Þetta hefur ekkert að gera með afl eða styrk heldur stjórnina sem maður hefur á eldinum og hamrinum. Hún Beata tekur okkur alltaf í bakaríðið er við keppum á móti henni. Og okkur karlmönnum finnst bara akkúrat ekkert að því. Hún er bara einfaldlega það góð að við vitum að allar líkur eru á því að hún sigri okkur í hvert sinn.

Þær eru nú nokkrar sem eru í eldsmíðinni á Íslandi. Hér fyrir vestan er Billa systir (Marsibil Kristjánsdóttir innskot blaðamanns) á fullu í smíðinni. Við erum reyndar bara þrjú sem erum virkir eldsmíðir hér fyrir vestan sem ég veit um, ég á Þingeyri, Billa á Ísafirði og svo Ásgeir Jónsson á Tálknafirði. Það skondna er að við erum öll úr Dýrafirðinum.“

Trúlofunarhringir smíðaðir á staðnum

Aðspurður hvað hann sé helst að smíða segir Róbert Daníel það vera svo ótal margt.

„Þetta er allt frá hringum í stærðarinnar járnhlíð. Hægt er að smíða nánast hvað sem er í eldi. Við smíðum úr margskonar málm, til að mynda járn, stáli og kopar. Maður hefur smíðað svo margt að erfitt er að telja það upp hér. Eitt sinn á Dýrafjarðardögum þar sem ég var að smíða var ég beðinn um að smíða trúlofunarhringa. Sömu bón fékk ég eitt kvöld er ég var að smíða í gömlu vélsmiðjunni á Þingeyri. Þar bar að þar sem vantaði trúlofunarhringa á nóinu og þeir voru bara smíðaðir á staðnum. Ég hef fjórum sinnum orðið við því að smíða trúlofunarhringa, sem er auðvitað bara mjög skemmtilegt. Og ekki síður skemmtilegt fyrir parið sem um ræðir að sjá þegar hringarnir eru smíðaðir. Svo er mikið verið að smíða hnífa, þeir eru í alls kyns stærðum. Eins örvarodda, nælur, nagla, axir, beltissylgjur, gaffla, skeiðar, skóhorn, dyrahamra, lamir og ég hef meira að segja gert hamar. Stærsta sem ég hef gert var minningarmark, eða girðing kringum leiði, úr smíðajárni. Ég var beðinn í tengslum við starfið í vélsmiðjunni um að lagfæra leiðisgirðingu sem afar lítið var eftir af. Ég ákvað að prófa þó ég hefði aldrei gert neitt slíkt áður. Ég þurfti bara að bæta við þeim grindum sem voru farnar og gera þær nýju eins og þær gömlu. Það gekk fint en þetta reyndist nú meira verk en ég hélt í upphafi. Því þegar ég tók þetta saman reyndist bara ein grind vera heil og ég þurfti að smíða



Blóm á grindverk.

hinar þrettán. Svo lagfæringin reyndist vera endurnýjun. Þá urðu menn alveg gapandi þegar við sendum þetta til baka þar sem talið var að ekki væri hægt að gera þetta hérlandis. Þeir héldu að við myndum senda þetta til Noregs. Þeir stóðu í þeirri trú að ekki væri eldsmíðja hér á landi en það er nú heldur betur rangt hjá þeim. Sama gerðist mörgum árum áður þegar Viðeyjarstofa var endurbýggð. Þá voru keyptir að utan rándýrir naglakassar en sama ár var Guðmundur Sigurðsson frá Akranesi að koma frá Danmörku þar sem hann sigraði í naglakeppni. Þeir sögðu að ekki væri hægt að fá þetta hér á landi en gáðu greinilega aldrei að því.“

Barnagull gerð úr gömlum nöglum

Þrátt fyrir að eldsmíðir hafi verið nánast á hverjum bæ um árhrundaða skeið er ekki auðvelt að stunda þessa iðn hérlandis í dag. Erfitt er að verða sér úti um nauðsynleg tæki og tól nema fyrir dágóðan pening.

„Það er erfitt að fá nógu stór kol og steðjar eru dýrir. Hamrarnir eru minna mál og hægt er að fá þá á viðráðanlegu verði erlendis. Mörg af þeim verkfærum sem eldsmíður notar fást hreinlega ekki á Íslandi og ef þau fást eru þau fokdýr. En maður smíðar sér bara það sem maður þarf. Svo lengi sem maður hefur eitthvað að berja með getur maður meira að segja notað stein fyrir steðja. Þannig var það í Grettissögu og það er vel hægt enn í dag. Nagla-smíðakeppnin sem Guðmundur Sigurðsson tók þátt í um árið var háð á steinum. Þá þurftu keppendur að nota steinana sem steðja til að búa naglana.

Oft er það líka þannig að maður er með járnút sem maður ætlar að gera eitthvað ákveðið úr en verður eitthvað allt annað þegar maður hefur lokið af sér. Það er eins og með hringana. Ég byrjaði á því að gera þá eitt sinn er ég var að smíða á Dýrafjarðardögum. Ég var að gera mig kláran til þess að hætta þegar krakki kom til mín með nagla og spurði hvað ég gæti gert úr þessum litla málmbút. Ég taldi upp að til dæmis gæti ég gert öngul, nál eða hring.

Hann vildi hring og ég varð við því en þegar ég var búinn að afhenda hringinn sá ég að það voru komnir tíu skælbrosandi krakkar í röð fyrir aftan hann sem allir héldu á nagla. Ég var því ekki búinn fyrr en rúmlega sex þann daginn en allir voru voða ánægðir. Eftir þetta voru krakkarnir tíðir gestir og vildu fá hringa eða hálsmen úr nöglum. Það skipti svo sem ekki máli hvað gert var úr nöglunum, aðalmálið var að fá hlut sem smíðaður var í eldsmíðjunni. Þeim fannst líka spennandi að horfa á mig gera hlutinn. Krökkum virðast nefnilega vel kunna að meta eldsmíði. Eitt sinn er ég var á Akureyri var ég að smíða stök laufblöð sem ég hafði hugsað mér sem lykklappur. Ég setti í þau lykklahringa og setti á söluborðið. Þá komu krakkar og spurðu mig hvort ég ætti leðurreim því þau vildu nota laufblöðin utan um hálsinn. Ég skipti því lykklahringnum út fyrir leðurreim og þessi hálsmen féllu vel í kramið.“

Tók sér hlé eftir hjartaáfall

„Ég hef voða lítið smíðað undanfarið ár eða eftir að ég fékk hjartaáfall. Það var nú ekkert voðalega vinsælt hjá mér en það var ágætt að ég komst að því þegar þetta kom upp, svo ekki fór verr. Ég var að skipta um girkassa í Patrol-jeppa og hélt kassanum uppi meðan eigandi bílsins skráfaði hann fastan. Kassinn var ágætlega þungur og ég hélt honum í dágóðan tíma og spurði svo hvort hann væri orðinn fastur. Þegar eigandinn svaraði játandi sagði ég: Gott, láttu þér ekki bregða en ég ætla þá að hringja á sjúkrahúsið. Þegar ég var kominn á sjúkrahúsið spurði lækinn mig hvað ég hefði verið að gera þegar ég fékk hjartaáfall. Ég sagði honum það og hann skammaði mig og sagði að ég ætti ekki að vera að standa í svoleiðis vitleysu. Hvernig átti ég að vita það spurði ég á móti,“ segir Danni glottandi og bætir við. „En ég veit það núna.“

Hann segist óðum vera að ná sér en þurfi þó aðeins að hægja ferðina.

„Nú skilur maður af hverju maður var preyttur allt fyrra sumar. Maður var að vinna frá 8 á morgnana til 20–21 á kvöldin og fór svo að smíða í eldsmíðjunni fram að miðnætti. Alveg sama hvort ég var að gera eitthvað eða svaf heilan laugardag ég var alltaf preyttur. En ég var fjári heppinn að þetta fór ekki verr þar sem ég var með þrjár stíflur í sömu æðinni. En enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Ég er bara að taka því rólega núna og vinna upp þrekið aftur. Það kemur þó að því að maður fari á fullt í smíðinni aftur. Ég á allavega ekki von á öðru,“ segir hann með bros á vör.

–Thelma Hjaltadóttir



Hafnarfirði en það fékkst ekki í gegn. Skýringin var sú að þetta væri ekki iðngrein þar sem ekki væri þörf á eldsmíði lengur. Mér finnst það undarleg skýring þar sem þau rök væri alveg hægt að nota fyrir fleiri listgreinar. En vandinn er sá að upphaflega var þetta ekki list heldur þarfasta iðngreinin. Upphaflega smíðaði eldsmíðurinn öll verkfærin svo aðrir gætu sinnt sínum störfum. Ef eldsmíðurinn var ekki til staðar voru engin verkfæri til. Enda þekkja flestir orðatiltækið að hengja bakara fyrir smíð. Það er komið af því að ekki mátti hengja smíðinn fyrir að standa ekki við sitt þar sem hann var of dýrmætur samfélaginu. Því var bakarinn tekinn fyrir í staðinn. Fyrr á tímum voru eldsmíður á öðrum hverjum, ef ekki hverjum, bæ.“

Kyn skiptir engu í eldsmíðinni Róbert Daníel skartar myndar-



Hnífur úr togvír.

Eins og stórglæpamaður við upphaf skipstjórnarferilsins

Jón Magnússon, skipstjóri og útgerðarmaður á Patreksfirði:




Út er komin bókin Þetta var nú bara svona – saga Jóns Magnússonar skipstjóra, útgerðar- og athafnamanns á Patreksfirði eftir Jóhann Guðna Reynisson. Í bókinni fer Jón Magnússon um víðan völl, segir margar skemmtilegar sögur af sjó og landi, rakin er í stuttu máli saga þorpsmyndunar á Patreksfirði með áherslu á sjávarútveg og fiskvinnslu og síðan

ferill Jóns sem eins fengsælasta skipstjóra landsins. Mikill fjöldi mynda prýðir bókina.

Jón talar skýrt og skörinort og liggur ekki á skoðunum sínum enda ekki þekktur fyrir slíkt. Rætt er um viðhorf hans til sjávarútvegsins og þá ekki síst með hliðsjón af því hvernig þau hjónin, Jón og Lilja Jónsdóttir, héldu um taumana í fyrirtækjum sínum,

ÞETTA VAR NÚ BARA SVONA



Ævisaga Jóns Magnússonar skipstjóra, útgerðar- og athafnamanns á Patreksfirði á erindi til allra sem áhuga hafa á sögu sjávarútvegs á Íslandi. Hann hefur ekki alltaf fylgt straumnum, heldur fer hann óhikað sínar leiðir ef svo ber undir.

Þetta var nú bara svona er lífleg og skemmtileg bók þar sem orðalag og frásagnargleði Jóns fær að njóta sín.

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is

Odda og Vestra á Patreksfirði, þar sem þau hafa aldrei selt svo mikið sem eitt kíló af kvóta frá útgerðunum. En ferill Jóns hefur ekki alltaf verið dans á rósum og er meðal annars sagt frá því í bókinni þegar hann var að byrja með báta sem skipstjóri eftir að hafa lokið prófi frá Stýrimannaskólanum. Fólki lagði lykkju á leið sína til að mæta honum ekki á götu og erfitt reyndist að fá fyrirgreiðslu í bönkum, hvað þá menn á sjó.

Við grípum hér niður í bókinni þar sem Jón er mættur á Patreksfirði með skipstjórnarréttindin upp á vasann og þá byrjaði ballið. Fram að þessu hafði hann verið á trillum og gert góða hluti en þarna um haustið lá leiðin á gamlan jálk.

„Árið 1954 kom ég heim eftir að hafa bara verið hér á trillum á sumrin. Þá var hér eftir aðeins einn bátur, Sigurfari, 25 tonn. Þetta var 70 ára gamall furubátur, sem sagt ekki einu sinni gerður úr eik heldur furu. Og búið að samþykka það í stjórn frystihússins að selja hann líka. Sigurfari hafði verið keyptur frá Ólafsfirði, hét þá Kristjana og það gekk ekkert á hann. Karlinn breytti nafninu og þegar var verið að spyrja hann að því hvað Kristjana væri að fá var svarið: - Það veit ég ekki, en ef þið spyrjið hvað Sigurfari sé að fá... Hann lét alla vita að það væri búið að breyta nafninu.

Svo það var ekki glæsilegt á Patreksfirði á þessum tíma. Ekkert að gera. Þá hófst slagurinn.


Það var hræðilegt ástand á plássinu. Ekkert fiskerí á þessa báta þessi ár á grunninu eins og þeir reru. Þeir fóru bara út á 50 faðmana, út í kantinn og suður í bugt og það var bara ekkert hægt að gera þetta út. Þarna var enginn fiskur.

Ég var búinn að segja við kaupfélagsstjórnann að það væri hægt að fiska hér heima, það þyrfti bara að breyta um sókn. Það yrði að sækja lengra. Og hann hermdi þetta upp á mig.

– En ég hef engan bát, sagði ég, nema þetta gamla hræ þarna sem ætti að vera löngu búið að kveikja í.

– Nei, nei, sagði hann.

Ég hef alltaf staðið við það sem ég hef sagt og fékk að fara suður með Sigurfara til að láta setja einhverja nagla í hann en það var hvergi hald nokkurs staðar.



Í Stýrimannaskólanum.

Ég sagði þeim að hætta þessu helvíti. Svo ætlaði ég að fara að ráða á þennan bát hér heima en þá byrjaði ballið. Það er nú varla hægt að segja frá þessu því það trúir því enginn.

Sko, ég kem af fátæku heimili og menn sögðu við kaupfélagsstjórnann: - Það er ekki hægt að láta hann Jón, sem kom hér á Teistu, fara að vaða hér uppi! Þetta var svo ríkt í fólki á Patreksfirði: Þessi fátæki strákur, sko! Plássíð logaði til enda. Þá var allt sett í gang gegn mér. Ég var oftast á sjó á trillum en aðrir og þeir útskýrðu það með því að það væri engin fyrirsjón í mér – en það kom aldrei neitt fyrir. Þeir voru bara að réttlæta aumingjaskapinn í sjálfum sér. Menn gátu ekki mætt mér á götu og það var eins og ég væri stórglæpamaður. Ein kona kom til dæmis með saxið á móti mér þegar ég ætlaði að fá son hennar með mér á sjóinn, það var eins og ég ætlaði með hann út í opinn dauðann. Þetta var allt svona.

Meira að segja var 75 ára karl þarna, vélstjóri í frystihúsinu og hálfgerður afi minn því hann var alltaf inni á heimilinu hjá Klásínu frænku minni, sem sagði við kaupfélagsstjórnann einhvern tímann að það væri hægt að fyrirgefa honum það að selja ekki bátinn en það væri ekki hægt að fyrirgefa honum það að ráða þetta fífl á hann. „Þetta fífl“ var ég! Áróðurinn var svo svakalegur.

Menn voru örugglega svo hræddir um að ég gæti gert betur en þeir og það mátti ekki ske. Og svona létu næstum allir. En ekki snerist þetta um pólitík og ekki var ég búinn að koma mér illa nokkurn skapaðan hlut. Það þekktu mig allir og ég var ekkert að slá um mig að neinu leyti. Þá var fólkið hrætt við að láta syni sína á sjó með þessum „glæpamanni“ sem var alltaf nærri búinn


að drepa sig eftir því sem það sagði við trillukarlana, ég væri svoddan vitfirringur á sjó.

Eini maðurinn sem þorði með mér var Finnbogi bróðir svo ég varð að fá Færeyinga með mér til að fylla skipsrúmið og þeir voru ágætir, greyin. Svo byrjaði ég að róa. Það var nú ekkert fiskerí þarna fyrsta mánuðinn og ég fór ekki marga róðra þá. Veðráttan var þannig og ég hafði ekki mikinn áhuga á að róa upp á 100 kíló á balann, þrjú tonn eða eitthvað svoleiðis kjaftæði. Maður var bara með 30 bala. Og þetta var lélegur fiskur.

Eftir þrjá róðra eða svo lagðist einn Færingurinn í koju og sagðist aldrei hafa verið ráðinn á sjó heldur til að beita. Það var einhver misskilningur hjá þeim sem réði hjá Hraðfrystihúsinu þannig að hann fékk að fara í land og ég sagði við þann sem sá um frystihúsið að hann yrði að skaffa mér mann þegar ég kæmi í land. Ekkert kjaftæði með það. Þá mætti maður á kajann, tveimur árum eldri en ég, og fór beint niður í lúkar fyrst en kom svo aftur til mín og sagðist ætla að koma með mér. Ég fagnaði því, þetta var vanur maður sem ég þekkti eins og bróður minn, eins og alla þessa stráka þarna. Þá hafði hann fyrst viljað spyrja Færeyinginn að því hvort ég væri ekki kolvitlaus. – Nei, fínur kallur, hafði hann svarað. Og eitthvað spurði hann svo meira þar til hann hafði safnað nægum kjarki til þess að koma aftur í og segjast ætla að koma með okkur. Hann þekkti mig vel þessi maður en þorði ekki að taka af skarið fyrr en eftir að hann hafði ráðfært sig við mann sem hafði bara verið með mér fáeina daga!

Þetta var nú bara svona er 236 bls., litprentuð á vandaðan pappír hjá prentsmiðjunni Odda. Bókaútgáfan Hólar gefur út.

Óskar eftir landi undir frístundahúsabyggð



Drög að fyrirhugaðri frístundabyggð. PK Arkitektar.

Pálmar Kristmundsson arkitekt hefur sótt um til Ísafjarðarbæjar að fá úthlutað landi á svæði F25 í Dýrafirði, sem liggur um tvo kílómetra utan við Þingeyri, undir hlíðum Sandafells. Hugmynd Pálmars er að skipuleggja og bjóða þar út frístundahúsabyggð. Umsóknin var gerð fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags sem stofnað verður, gangi leyfisveiting, fjármögnun og önnur áform eftir. Óskað var eftir að fá svæðið leigt án endurgjalds til 10 ára með framlengingarkvæði til 10 ára þar eftir. Í þeirri rekstraráætlun sem gerð hefur verið er gengið út frá að byggð verði 5 frístundahús. Markmiðið er að vera með skipulagt land tilbúið til byggingar fyrstu húsa vorið 2016. Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar tók á síðasta fundi sínum jákvætt í að úthluta Pálmar landinu.

Segir Pálmar að hið óstofnaða félag muni standa straum af gerð deiliskipulags fyrir svæðið og leggja það til samþykktar bæjaryfirvalda eins og reglur gera ráð fyrir. Óstofnað félag

muni kosta og hafa umsjón með vegagerð að og um svæðið, setja upp og viðhalda nauðsynlegum girðingum og hliðum, leggja rafstreng að svæðinu, annast vatnslagnir og frárennsliskerfi á eigin kostnað. Á móti verði óstofnuðu félagi heimilt að úthluta byggingareitum samkvæmt samþykktu deiliskipulagi og þiggja fyrir það hæfilega þóknun.

Í greinargerð sem Pálmar sendi með umsókn sinni segir að fyrir 3 árum hafi hann sótt um heimild til byggingu fjögurra frístundahúsa á svipuðum slóðum í svokölluðum Sneiðingum. Jákvætt hafi verið tekið í erindið en gera hafi þurft breytingar á aðalskipulagi til að heimila slíka byggð á umræddum stað. Segir hann enga breytingu hafa verið gerða á aðalskipulagi og ekkert hafa gerst í málinu sem hafði í för með sér að fjárfestar, sem höfðu gengið til liðs við verkefnið, hafi fallið frá þátttöku. En af þeim þremur sem ætluðu að fjárfesta í verkefninu á sínum tíma er eftir einn aðili sem tekur áframhaldandi þátt.

annska@bb.is

Snerpa er að leggja nýja ljósleiðara um Ísafjörð og víðar. Mun þá gefast kostur á nettengingum sem eru með hámarksgæði og án þeirra takmarkana sem felast yfirleitt í núverandi samböndum yfir langa koparstrengi.

Með þessum framkvæmdum stendur Snerpa mun framar samkeppnisaðilum. Sem dæmi eiga notendur í efri bænum á Ísafirði nú þess kost að tengjast Smartnetinu þar sem heimtaugar Snerpu eru um 800 metrum styttri en hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum.



Er Smartnetið á leiðinni heim til þín - eða jafnvel komið?
- Frekari upplýsingar á vefslóðinni smartnet.is

snerpa
rétt leiðin
Mánagötu 6 - Ísafirði - sími 520-4000

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar. Áhugasamir sendi inn upplýsingar á vr@vr.is fyrir **1. desember 2015**.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnpláss og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

Öllum tilboðum verður svarað.



Virðing
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS



Við þökkum auðsýndan hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra

Arnars Skúlasonar

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 30. október s.l.
Einnig þökkum við öllum þeim sem komu við útför hans laugardaginn
14. nóvember.

Guð blessi ykkur öll

Lilja Sólvaldóttir, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn



Sportið í beinni...
fimmtudagur 19. nóvember

08:00 Golf - European Tour
18:00 Golf - PGA Tour
19:00 Keflavík - KR

föstudagur 20. nóvember

08:00 Golf - European Tour
18:00 Golf - PGA Tour
19:00 Þór Þ. - Grindavík

19:45 Middlesbrough - QPR

22:00 Dominos Körfuboltakv.

01:00 NO Pelicans - SA Spurs

laugardagur 21. nóvember

08:00 Golf - European Tour
12:35 Watford - Man United
14:50 Everton - Aston Villa

14:50 Chelsea - Norwich City

14:50 Swansea C - AFC Bmth

14:50 Newc Utd - Leic. City

14:50 Southmptn - Stoke City

14:50 WB Albion - Arsenal

17:15 Real Madrid - Barcelona

17:20 Man City - Liverpool

18:00 Golf - PGA Tour

19:40 Paris St Germain - Kiel

19:40 Juventus - AC Milan

sunnudagur 22. nóvember

07:30 Golf - European Tour

11:30 Udinese - Sampdoria

13:55 Hellas Verona - Napoli

13:55 Atalanta - Torino

15:50 Tott Hotsp - W Ham Utd

16:40 Vardar - Barcelona

18:00 Golf - PGA Tour

21:20 M Vikings - GB Packers

mánudagur 23. nóvember

19:50 Cr Palace - Sunderland

22:00 Messan

þriðjudagur 24. nóvember

19:15 Meistaradeildarkvöld

19:30 Barcelona - AS Roma

19:30 Arsenal - D Zagreb

19:30 M Tel-Aviv - Chelsea

19:30 B Münch - Olympiakos

21:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 25. nóvember

19:15 Meistaradeildarkvöld

19:30 S Donetsk - Real Madrid

19:30 Man Utd - PSV Eindh

19:30 Malmö - Paris St-Germ

19:30 Juventus - Man City

21:45 Meistaradeildarmörkin

Helgarveðrið

Á föstudag:

Snýst í vestan og suðvestan
5-15 m/s, hvassast NV-til.
Stöku el V-lands og við N-
ströndina, annars úrkomu-
laust. Talsvert frost á landinu,
en hlánar vestast síðdegis og
minnkandi frost annars staðar.

Á laugardag:

Norðvestlæg átt og bjart
veður, en dálítill el NA-lands.
Hiti 0 til 5 stig syðst, annars
0 til 8 stiga frost, kaldast í
innsveitum.

Á sunnudag:

Vestanátt og skýjað, en létt-
skýjað A-til á landinu. Heldur
hlýnandi.

Krossgátan



		TALÍA	ÓNÁÐA	KAFMÆÐI		ÓLÆTI	BARINN	LYKT
	HINDRUN							
	FLJÓT- FÆRNI				UMRÆÐA			
					FLATFÓTUR			
	STEFNA					RÓMVERSK TALA		
						MÁLI		
	NAFN- PLATA							TJÚTTA
		ÆPA	TVEIR EINS	ÁTT		ÍPRÓTTA- GREIN		
				VERKUR		Á UNÐAN		
LALLA						UPPGÖTVA		
						AUGNHÁR		
GÖSLA					KORN			FORM
					UMFRAM			
LISTA- MAÐUR			LYGN			ÞAKBRÚN		
			HEIMUR			UMRÓT		
KNÆPA				NOKKRIR			SAMTÖK	
				TIND			GAN	
KEFLI						AFTUR- ENDI		MÆLI- EINING
						TÓNN		
		GAMALL				TOGVINDA		
		SVEFN				LÍNA		
BETL					VILJA			ÁREYNSLA
					NIÐUR			
BÓK- STAFUR			ÍLÁT				LÆRDÓMUR	
			REGLA				MJÖG	
SÆLINDÝR				FLYTJA				DRYKKUR
				ÓNEFNDUR				PRÓF- TITILL
DÝRKA						ANGAN		
ELDSTÆÐI						ÚTUNGUN		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Fyrir ungt knattspyrnufólk

– Lærðu hliðarskref eins og Lionel Messi



				STÆÐA	PILLA	TIGNA		FRÁ	TÓNVERK	VIÐUR	
				JAGAST	S	T	A	G	A	S	T
				SKÍTUR	T	A	Ð	YFIRGAF SPERGILL	F	Ó	R
				FISKA	A	F	L	A	EKKI HELDUR MÁLUR	N	É
				BOKKA	F	L	A	S	K	A	ILMUR
				TALA							
	↓	HELBER	SPIRA HORFDI	Á	L	A	OTA PLANTNA	P	O	T	A
FÖST STÆRD	F	A	S	T	I	RÍKI Í ASÍU UMFRAM	J	A	P	A	N
SKÁL	Í	L	Á	T	ELDHÚS- ÁHALD KEPPNI	A	U	S	A	FYRIR- HÖFN	G
SKÓLI	F	G	SÍLL SETI	A	L	UR	KYRRA SANTALS	R	Ó	A	
LÆRIR	L	E	S	ÖSVIKINN ÆR	E	K	T	A	Í RÖÐ HLJÓÐFÆRI	M	N
KYNJA- SKEPNA	D	R	E	K	I	HEILA FLINKUR	A	L	L	A	STÓ
	I	TÍF ÞÆFINGUR	T	I	K	LÓFI LYFTA	L	Ú	K	A	
SEFUN	R	Ó	U	N	LÖNGUN VELTINGUR	L	Y	S	T	TROMMA	R
TVEIR EINS	F	F	MÖRÐ STÍGANDI	D	R	Á	P	SPENDÝR LÖGG	A	P	I
MAR	S	Æ	R	ÖRVERPI SKST.	U	R	P	T	UTAN RÖMVERSK TALA	Á	N
UM- HVERFIS	K	R	I	N	G	ÖNDUNAR- FÆRI	T	Á	L	K	N
ADFALL	A	Ð	S	O	G	HANDA	A	R	M	A	

Sudoku þrautir

	7	8					5	1
6		4		5	7	3		
					6		8	7
		6		2	5			
		9			8			
			1	6	8			2
	3	1		4		2		
4		2	3			7		
7	8			2				4

7		3	9	8			5	1
			1	7		3	8	6
8	1				3	7	2	9
		2	4	3	6	8		
6	4	5						
9				5				7
2	9	7				5		
4			7		9			8
		1	6	4		9		

Það eru fáir sem deila um það að Lionel Messi, leikmaður Barcelona sé einn besti knattspyrnumaður fyrr og síðar. Messi sem hefur unnið Ballon d'Or verðlaunin fjórum sinnum býr yfir einstakri færni.

Þegar ég segi færni þá meina ég tæknileg atriði undir pressu við leikrænar aðstæður.

Þó Messi búi yfir einstakri færni þá er það svo að ungir leikmenn geta lært þessa færni. Ef hreyfingarnar eru brotnar niður og æfðar skref fyrir skref þá geta áhugasamir leikmenn lært færni Messi!

Messi notar töluvert ákveðna gabbhreyfingu sem við kennum í Coerver Coaching. Þessa frábæru Coerver æfingu er hægt að nota til að komast fram hjá mótherja, búa til svæði, framkvæma skot eða til að rekja bolta á ferð.

Ef einhverjir muna eftir markinu hjá Messi í úrslitaleik Meistaradeildarinnar árið 2011 á móti Man. Utd þá var það þessi tiltekna gabbreyfing sem bjó til það svæði sem Messi þurfti til að setja boltann í bláhornið, óverjandi fyrir Edwin Van Der Sar.

Þrjú - mikilvæg skref fyrir leikmenn að hafa í huga til að sigra mótherja í 1v1.

1. Sjáðu leikinn fram í tímann og skipuleggðu næstu skref. Það er til lítils að komast fram hjá einum mótherja og vita svo ekki hvað á að gera næst? Messi lætur aldrei koma sér í vandræði. Hann er alltaf að plana næstu sendingu, hreyfingu eða skot. Þú verður að hugsa eins og Messi til að bæta leik þinn.

2. Æfðu knattstjórnun. Lionel Messi er einn sá allra besti í að sigra mótherja einn á móti einum. Veittu því athygli hversu boltinn er nálægt honum þegar hann gerir árás á varnarmenn. Það er þessi mikla knattstjórn sem leikmaður þarf yfir að ráða til að vera góður í 1v1 eins og Messi!

3. Skautaðu fram hjá varnarmanninum. Vörumerki Messi er hið svokallað „hliðarskref“ eða „sidestep“. Hann notar iðulega þessa Coerver hreyfingu til að búa til svæði. Stífgðu í aðra áttina þegar varnarmaðurinn nálgast



Lionel Messi.

og notaðu svo hinn fótinn til að skauta fram hjá honum/henni með boltann inn í svæði hvar þú getur framkvæmt næstu skref!

Hér er æfingin – gangi þér vel. <https://www.youtube.com/watch?v=hAsDo0cLBVkt=101>

*Knattspyrnukeðjur,
Heiðar Birnir Torleifsson,
knattspyrnuþjálfari.*



Heiðar Birnir Torleifsson.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

smáar

Til sölu Hyundai Tucson árg 2008. Bíll í mjög góðu ástandi, draumabíll fyrir veturinn. Tilboð óskast s. 6902202 Halldór

Til sölu Mercedes Benz E280 4matic árg. 1997 bíll í góðu ástandi, duglegur í snjónum. Til sýnis og sölu við Aðalstræti 16. Tilboð óskast s. 6902202 Halldór.

SÓFAR TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*

SÓFAR
TAXFREE

Lokadagur
laugardagur
21. nóv.

FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 260 x 170 x 87 cm.

145.153 kr. ~~179.990 kr.~~



ELLY

Þriggja sæta sófi. Litir: Ljós- og dökkgrár, gráblár,
sandbleikur og dustygrænn. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

80.637 kr. ~~99.990 kr.~~



TRUMPF

Hornsófi. Með brúnu slitsterku
microfiber áklæði.
Stærð: 285 x 230 x 91 cm

185.476 kr. ~~229.990 kr.~~



COSTA

Tungusófi. Vinstri tunga.
Hvít eða svart bongo áklæði.
Stærð: B:340 D:240/163 cm

322.573 kr. ~~399.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir bara á sófum
og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður viðisauka-
skatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað
Húsgagnahallarinnar. Gildir ekki á
Kamma afmælissófanum.

Þú finnur nýju blöðin
á heimasíðunum okkar.

Sófataxfree- og
jólalablað Hallarinnar á
www.husgagnahollin.is

Nýja Betra Bak blaðið á
www.betrabak.is

Jólalablað Dorma á
www.dorma.is



www.husgagnahollin.is



www.husgagnahollin.is



www.betrabak.is



www.dorma.is



Ísafirði
Skeiði 1

11 - 18 virka daga
11 - 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
456 4566



HÚSGAGNA
HÖLLIN